

227.fundur - 11. nóvember 2004

227. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps var haldinn 11. nóvember 2004 og til hans var boðað með svofelldri dagskrá:

- 1) Farið yfir fundargerð 226.fundar 14. október 2004
 - 2) Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 20. október 2004
 - 3) Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 4. nóvember 2004 ásamt
 - a) tillögu að reglum um liðveislu í Reykhólahreppi
 - b) tillögu að reglum um fjárhagsaðstoð í .Reykhólahreppi
 - c) tillögu að reglum um félagslega heimaþjónustu í Reykhólahreppi
- Allar tillögurnar til fyrri umræðu í sveitarstjórn
- 4) Fundagerð byggingarnefndar íþróttahúss 4. nóvember 2004
 - 5) Ákvörðun útsvarshlutfalls í Reykhólahreppi árið 2005
 - 6) Umsókn um byggingarlóð á Reykhólum frá Björk Stefánsdóttur og Sigurði Torfa Sigurjónssyni
 - 7) Erindi frá skrifstofustjóra Reykhólahrepps, umsókn um námsleyfi
 - 8) Erindi frá skrifstofustjóra Reykhólahrepps, tillaga að breytttri gjaldskrá (fæði í leikskóla og grunnskóla)
 - 9) Svarbréf Landbúnaðarráðuneytis varðandi námurétt/malarnám á ríkisjörðum
 - 10) Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 22. október 2004 ásamt fjárhagsáætlun fyrir árið 2005
 - 11) 52. fundur Breiðafjarðarnefndar, fundargerð (tilkynning)
 - 12) Erindi frá Eyjólf Valdimarssyni forstöðumanni þróunarsviðs Ríkisútvarpsins varðandi fyrirhugaðar útsendingar Svæðisútvarps Vestfjarða á Reykhólum og nágrenni (tilkynning)
 - 13) Götulýsing í Flatey á Breiðafirði, bréfaskipti Reykhólahrepps við nokkra aðila
 - 14) 718. fundur Sambands ísl. sveitarfélaga, fundargerð (tilkynning)
 - 15) Erindi frá EBÍ, synjun á styrk til skráningar kennileita og örnefna í Reykhólahreppi
 - 16) Erindi frá Stígamótum (styrkbeiðni)
 - 17) Erindi frá Háskólasetrinu í Hveragerði (styrkbeiðni)
 - 18) Fyrstu tillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga, umsögn hreppsnefndar
 - 19) Önnur mál.

Fundurinn hófst kl. 15:20. Mættir allir aðalmenn nema Þórður Jónsson sem boðað hafði forföll. Varamaður Guðmundur Ólafsson hafði boðað seinkun. Sveitarstjóri sat fundinn og reit fundargerð.

Fundurinn hófst með því að oddviti las upp boðaða dagskrá.

Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi önnur mál:

- a) Tilkynning frá Snerpu ehf um að búið sé að opna endanlega örbylgunet á Reykhólum.
- b) Erindi frá Rögnvaldi Guðmundssyni hjá Rannsóknnum & ráðgjöf ferðapjónustunnar (styrkbeiðni)
- c) Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga (ný dagsetning fundar með stjórn FV og hreppsnefnd)
- d) Erindi frá Þrjú ehf, sótt um tvær lóðir á Reykhólum
- e) Bréfaskipti Landbúnaðarráðuneytis og Reykhólahrepps í nóvember 2004 út af ýmsum málum.
- f) Mál er varða einstaklinga, lokaður fundur.

Samþykkt að bæta þessum málum við. Var nú gengið til dagskrár.

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð 226. fundar. Engar athugasemdir gerðar.

Guðmundur Ólafsson mætti á fundinn kl. 15:30

- 2) Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 20. október 2004. Fram kom að villa var í útreikningum um frí hjúkrunarforstjóra og er það samtals 77,5 dagar en ekki 110,5 dagar. Samþykkt.

3) Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 4. nóvember 2004. Rætt var um reglur um liðveislu, félagslega heimaþjónustu og fjárhagsaðstoð. Fram kom að búið er að senda Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Patreksfirði reglur um liðveislu til umsagnar. Þetta var fyrri umræða og var þessum reglum vísað til síðari umræðu. Rætt var um 5.lið fundargerðar, opnunartíma Grettislaugar og mögulega lengingu á honum. Vísað til gerðar fjárhagsáætlunar. Fundargerð samþykkt að öðru leyti.

- 4) Fundargerð byggingarnefndar íþróttahúss 4. nóvember 2004. Oddviti greindi frá því að Límtrésmenn myndu mæta með efni í límtrésskemmuna 6.desember nk. Um er að ræða talsverðan afhendingardrátt og hefur verið farið fram á bætur vegna þess. Ætlunin er að loka húsinu fyrir jól ef veður leyfir.

Fulltrúar Límtrés höfðu mætt á svæðið í morgun og voru mjög ánægðir með stöðu verksins og hrósuðu vinnubrögðum verktaka við bygginguna.

Fyrir liggur að Límtré þarf að ráða aðstoðarmenn við uppsetningu skemmunar og þarf að safna saman nöfnum nokkurra heimamanna sem væru tiltækir. Fundargerð samþykkt.

- 5) Ákvörðun útsvarshlutfalls í Reykhólahreppi árið 2005. Sveitarstjóri lagði til hámarksútsvar eins og verið hefur, 13,03%. Samþykkt.

- 6) Umsókn um byggingarlóð á Reykhólum frá Björk Stefánsdóttur og Sigurði Torfa Sigurjónssyni. Sótt var um lóð nr. 26 við Hellisbraut á Reykhólum en breyting hafði orðið og var nú sótt um lóð nr. 48 við Hellisbraut í staðinn. Samþykkt.

- 7) Erindi frá skrifstofustjóra Reykhólahrepps, umsókn um námsleyfi. Samþykkt.

- 8) Erindi frá skrifstofustjóra Reykhólahrepps varðandi breytingu á gjaldskrá Reykhólaskóla (þar með talið skólasel) og Hólabæjar vegna fæðis nemenda og starfsmanna. Samþykkt.

- 9) Svarbréf landbúnaðarráðuneytis varðandi námurétt/malarnám á ríkisjörðum. Nokkrar umræður urðu um málið.

- 10) Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 22. október 2004 ásamt fjárhagsáætlun fyrir árið 2005. Fjárhagsáætlun samþykkt og vísað að öðru leyti til gerðar fjárhagsáætlunar Reykhólahrepps.

- 11) 52. fundur Breiðafjarðarnefndar, fundargerð (tilkynning). Engar athugasemdir.

- 12) Erindi frá Eyjólf Valdimarssyni forstöðumanni þróunarsviðs Ríkisútvarpsins varðandi fyrirhugaðar útsendingar Svæðisútvarps Vestfjarða á Reykhólum og nágrenni (tilkynning). Hreppsnefnd lýsir yfir ánægju sinni með þessar fyrirhuguðu útsendingar.

13) Götulýsing í Flatey á Breiðafirði, bréfaskipti Reykhólahrepps við nokkra aðila. Vísað til gerðar fjárhagsáætlunar. Kanna þarf bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað.

14) 718. fundur stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, fundargerð. Engar athugasemdir.

15) Erindi frá EBÍ, synjun á styrk til skráningar kennileita og örnefna í Reykhólahreppi. Sveitarstjóri vakti athygli á því að Breiðafjarðarnefnd stæði fyrir örnefnaskráningu við Breiðafjörð. Frekar fáar jarðir í hreppnum stæðu eftir sem ekki næðu að sjó og frekar auðvelt að klára það dæmi.

16) Erindi frá Stígamótum (styrkbeiðni). Synjað.

17) Erindi frá Háskólasetrinu í Hveragerði (styrkbeiðni). Um er að ræða rannsókn á ísl. náttúrulegum og söfnun upplýsinga um þær. Samþykktur styrkur kr. 10.000,-

18) Fyrstu tillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga, umsögn hreppsnefndar. Samþykkt eftirfarandi ályktun:

"Hreppsnefnd Reykhólahrepps telur að flest þau viðmið sem sameiningarnefnd setur sér eigi illa við um það sveitarfélag sem lagt er til að verði myndað úr Reykhólahreppi, Saurbæjarhreppi og Dalabyggð. Slíkt sveitarfélag er landfræðilega mjög stórt, dreifbýlt en íbúafjöldi einungis í kringum 1.000 manns. Sveitarfélag af þeirri stærð er ekki nægilega öflugt til þess að taka við nýjum verkefnum. Sé þörf á að sameina sveitarfélög á þessu landssvæði á annað borð, sé skynsamlegra að kjósa um sameiningu fleiri sveitarfélaga. Leggur hreppsnefnd því til að á kjörseðlinum verði kosið um sameiningu allrar Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu og Strandasýslu í eitt sveitarfélag"

Bjarki Stefán Jónsson yfirgaf fundinn kl. 19:00

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Önnur mál:

a) Tilkynning frá Snerpu ehf um að búið sé að opna endanlega örbylgjunet á Reykhólum. Hreppsnefnd fagnar því en felur sveitarstjóra að kanna möguleika á aukinni notkun ljósleiðara til gagnaflutnings innan sveitarfélagsins með það að markmiði að hægt verði að ná fleiri útvarps- og sjónvarpssendingum. Einnig að fólki gefist kostur á ADSL-tengingu.

b) Erindi frá Rögnvaldi Guðmundssyni hjá Rannsóknnum & ráðgjöf ferðapjónustunnar (styrkbeiðni). Um er að ræða útgáfu sögukorts á íslensku og ensku fyrir Vestfirði. Sótt er um styrk að upphæð kr. 200.000,- Vísað til fjárhagsáætlunar.

c) Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga (ný dagsetning fundar stjórnar FV og hreppsnefndar). Stungið er upp á laugardeginum 20. nóvember. Samþykkt.

d) Erindi frá Þrjú ehf. Sótt um tvær lóðir á Reykhólum. Samþykkt.

e) Bréfaskipti landbúnaðarráðuneytis og Reykhólahrepps í nóvember 2004 út af ýmsum málum. Um er að ræða væntanleg kaup sveitarfélagsins á hluta Reykhólajarðar, kaup á landsspildu við Seljanes og leyfi til þess að gera íþróttavöll á Reykhólum (á ríkislandi).

Rætt var að þessu loknu um gatnagerðargjöld o.fl. Ákveðið að fela skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd að semja gjaldskrá fyrir Reykhólahrepp um gatnagerðargjald. Enn fremur þurfa nefndir sveitarfélagsins að fara að koma að gerð fjárhagsáætlunar.

Fundi var nú lokað vegna málefna einstaklinga og sú fundargerð færð í trúnaðarmálabók hreppsnefndar.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 21:35

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Guðmundur Ólafsson (sign)

Björk Bárðardóttir (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)